

Heimspeki í Jobsbók

eftir Ástu Kristjönu Sveinsdóttur

Jobsbók hefur það orð á sér að í henni sé að finna einhvern heimspekilegasta hluta Biblíunnar. Ekki svo að skilja að Jobsbók sé þéttvafin heimspekileg orðræða, eins og samtöl Sókratesar eða íhuganir Descartes, heldur eru hugmyndirnar að mestu settar fram í bundnu máli í ljóðabálki sem er að finna inni í dálítilli helgisögu. Samt er hér ekki um að ræða heimpekilegan ljóðabálg eins og t.d. Háva-mál. Munurinn er sá að í Jobsbók er ekki einungis varpað fram grunnhugmyndum um réttlæti og rétta breytni, heldur sjáum við þessar grunnhugmyndir líka takast á. Eiginlegar heimpekilegar vangaveltur hefjast nefnilega ekki fyrr en við tökum til við að veða og meta ólíkar skoðanir, kosti þeirra og galla, og sjá hversu vel frumforsendur okkar standast gagnrýna hugsun.

Beinum sjónum okkar að því þegar hver hörmungin á fætur annarri hefur dunið yfir Job, þennan guðhrædda og réttsýna mann. Hann er búinn að missa allt sitt, fjölskyldu, fé, og heilsu. Þá koma til hans vinirnir þrír, Elífas, Bildad, og Sófar, til að hugga Job og styrkja. Þeir

vita auðvitað ekki fremur en Job að hörmungarnar voru láttnar dynja yfir Job til að láta á það reyna hvort hann væri guðhræddur og réttsýnn til þess eins að fá umbun hjá Guði. Þessi hugmynd hefur blessunarlega verið hrakin, Job er allslaus og kvelst, en snýr ekki baki við Guði sínum. Samt skilur hann ekki hvað Guð vill eiginlega með það að fara svona illa með sinn tryggja þjón. Huggun vinanna er líka takmörkuð, því þeir halda svo fast í þá hugmynd að fyrst Job varð fyrir öllu þessu óláni, þá hljóti hann að hafa gert eitthvað af sér, þetta sé refsing Guðs fyrir syndir Jobs. Hér birtist grunnhugmynd um tengslin milli breytni manneskjunnar og þess sem hún verður fyrir. Þessa hugmynd getum við k a l l a ð „orsakarkenninguna“ því að þar er gerð sú krafa að afleiðing eigi sér alltaf orsök. Hér er afleiðingin refsing Guðs í formi hörmunga sem yfir Job dynja og orsökkin getur þá ekki verið langt undan. Job hlýtur að hafa syndgað, einhvers staðar, einhvern tímann. Job vill hins vegar ekki gangast við að hafa syndgað og finnst hann ekki eiga skilið neina

refsingu. Vinirnir þrjúskast við og leita logandi ljósi að syndum Jobs. Leit þeirra er náttúrulega ósköp skiljanleg. Við viljum gjarnan að það sé eitthvað vit í tilverunni, viljum bæði að ólán eigi sér einhverja skýringu og svo særir það réttlætiskennidina þegar saklausum er refsað eða þeir verða fyrir óláni. Þá grípum við oft til þeirra ráða að ætla sakleysingjunum einhverja synd. Það er bara svo óþægilegt og óásættanlegt að saklausum sé refsað; miklu betra að trúna því að fórnarlömbin hafi átt þetta skilið. Þannig verða fórnarlömbin „óhrein“ og „syndug“. Dæmi um þessa leið til að takast á við hræðsluna við skýringarleysið og réttlætíngarleysið er framkoma við holdsveika fyrr á öldum og við eyðnismitað fólk enn þann dag í dag. Meðan það er eitthvað í fari þeirra, sem verða fyrir óláninu, sem er óvinsælt í samfélaginu er kannski mögulegt að halda í kenninguna um að refsingin sé réttmæt án þess loka augunum algjörlega fyrir staðreyndum. Hins vegar vandast málið mjög þegar hegðan fólks er í samræmi við það sem dyggðugt þykir í samfélaginu. Það á einmitt við

um Job. Eina leiðin sem vinir Jobs geta farið er þá að segja að Job sé refsað fyrir syndir barna sinna eða manneskjunnar yfirleitt, eða þá fyrir syndir sem Job sjálfur og samtímamenn hans skilja ekki að eru syndir. Guð veit nefnilega best og vegir hans eru órannsakanlegir.

Þegar svo er komið rís upp sú klassíska spurning að hvaða leyti það sé réttlæt看legt að refsa fólki sem ekki veit að það hefur syndgað eða gert af sér neitt. Hér er ekki alltaf auðvelt að koma auga á skýrar línur. Er réttlæt看legt að refsa manni fyrir kynferðislega áreitni sem átti sér stað áður en farið var að líta á ákveðna hegðan sem kynferðislega áreitni og sem skaðlega? Spurningin er ekki bara praktísk, þ.e., ekki bara hvort það sé yfirhöfuð framkvæmanlegt eða hvort það borgi sig. Því jafnvel þótt það sé réttlæt看legt af Guði eða mönnum að refsa manneskju fyrir glæp eða annað skaðlegt athæfi getur oft verið betra að gera það ekki, eða að minnsta kosti ekki til fullnustu, af praktískum ástæðum. Nýlegt dæmi um það gæti verið njósnir á vegum Stasi, sem upp komust eftir að Múrinn féll. Nei, spurningin er hvort refsing sé aðeins réttlæt看leg þegar syndarinn er ábyrgur fyrir syndum sínum, og ef

svo er, hvað felist í að vera ábyrgur fyrir syndum. Er t.d. sú krafa gerð að syndarinn skilji að hann syndgar með athæfi sínu?

Vinir Jobs eiga erfitt verk fyrir höndum að verja þá hugmynd að sá sem fyrir óláni verður hljóti að eiga það skilið. Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvað heilu plássin gætu hafa gert af sér til að verðskulda hamfarir eins og snjóflóð eða eldgos eða þá heilu og hálfu þjóðirnar í Afríku til að verða fyrir eyðniplágunni, svo að ekki sé minnst á ómálga börn eða jafnvel ófædd sem ekki hafa haft tækifæri til að gera neitt, hvorki gott né slæmt. Vinir Jobs verða því að segja að jafnvel þótt refsing sé aðeins réttlæt看leg ef syndarinn er ábyrgur sé ekki sú krafa gerð að syndarinn skilji að hann syndgi eða að hann sé einn ábyrgur fyrir syndunum. Þeir geta t.d. haldið því fram að þær syndir sem um ræðir séu syndir mannskepnunnar yfirleitt, svo sem erfðasýndin, og að við öll séum samábyrg.

Job gerir hins vegar mjög nútímalega kröfu til Guðs síns, nefnilega þá kröfu að leikreglurnar séu leikmönnum skiljanlegar; það á að vera manneskjunnar mögulegt að breyta rétt, eða að minnsta kosti eiga syndir hennar að vera af hennar

völdum. Án þess er refsing ekki réttlæt看leg. Job vill ekki iðrast synda sem hann er sér ekki þess meðvitandi að hafa framið og áeggjan vina hans hefur þar engin áhrif. Vinirnir vilja hins vegar allsherjarskýringu, allsherjartilgang með refsingu og óláni, jafnvel þótt sú skýring sé engum skiljanleg nema Guði sjálfum. Fyrir þeim verður iðrunarleysi Jobs að synd í sjálfu sér.

Hér er ekki einungis boðið upp á ólíkar hugmyndir um samband breytni manneskjunnar og þess sem yfir hana dynur heldur takast á tvær grunnhugmyndir um réttlæt看gingu þess sem yfir dynur. Hugmynd vinanna, orsakarkenningin, hefur það í för með sér að refsing er alltaf réttlæt看leg. Hugmynd Jobs er hins vegar að refsing sé aðeins réttlæt看leg þegar reglurnar eru skýrar og skiljanlegar leikmanninum og hann hefur brotið gegn þeim. Það er líkt og Job sé að krefjast þess að fá að gera samning við Guð sinn sem báðir eru bundnir af.

Er svo einhver niðurstaða? Ekki ef við eigum von á því að önnur hugmyndin sé úrskurðuð rétt og hin röng. Úrskurðurinn, sem lesandi Jobsbókar fær, meira að segja frá Guði sjálfum, er á þá leið að báðir aðilar hafi rangt fyrir sér: vinir Jobs halda í ranga hugmynd, Job gerir

ranga kröfu. Job lærir að
manneskjan gerir ekki
samning við Guð sinn, að
Guð er handan samning-
anna, hugmyndanna, skýr-
inganna:

Nú sé ég glöggt að þú getur allt,
að ekkert er þér um megn.
Hver er þessi, sem óvita-orðum
atar myrkri mín föstu ráð?
Rætt hef ég um hið ósegjanlega,
á eilífan sannleik hugann lagt.
Hlusta þú á mín orð;
nú spyr ég þig og þú veist svör.
Eyru mín höfðu heyrt af þér;
nú hafa mín augu litið þig.
Því skal ég hógvær þreyja
og una því, að ég er duft.

(Þýð. Helgi Hálfðanarson)